

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hveragerðis nr. 306 9. október 1974, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjöld:

1. Gróðurhús 100 m<sup>2</sup> og stærri, kr. 152,73 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
2. Önnur hús kr. 60,64 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

b. Vatnsgjöld:

1. Gróðurhús kr. 35,60 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.
2. Önnur hús kr. 101,52 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.

6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Heimæðagjöld (tengigjöld) eru sem hér segir fyrir hverja heimæð:

Hús allt að 300 m<sup>3</sup> kr. 14 385,00,

Hús 300—2 000 m<sup>3</sup> kr. 14 385,00 fyrir 300 m<sup>3</sup> og kr. 10,67 fyrir hvern m<sup>3</sup> þar yfir.

Hús stærri en 2 000 m<sup>3</sup> kr. 32 666,00 fyrir 2 000 m<sup>3</sup> og kr. 8,87 fyrir hvern m<sup>3</sup> þar yfir.

Stofngjald fyrir hvern aukahemil á sama inntaki er kr. 1 448,67.

7. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld skv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1140 stig. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. ágúst 1982 með tilvísun til auglýsingar nr. 437/1982 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 18. ágúst 1982.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Þorlákshafnar nr. 269 28. maí 1980, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrir afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfi hitaveitunnar skal greiða orkugjald.

- a. Samkvæmt magnhemli kr. 414,39 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.
- b. Samkvæmt vatnsmæli kr. 20,78 fyrir hvern rúmmetra vatns.

7. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Heimæðagjöld skal reikna af öllu húsrými á viðkomandi lóð, hvort sem það verður allt tengt veitukerfi hitaveitunnar eða ekki. Þó skal ekki reikna heimæðargjald af búpenings-

húsum á jörðum og lögbýlum nema þeim útihúsum sem tengd verða veitukerfinu, en af þeim skal greiða hálf gjald. Heimædagjöld eru miðuð við þátttöku húseiganda í stofnkostnaði veitukerfis hitaveitunnar.

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir:

- a) Af húsnæði sem tengist hitaveitu eftir að það hefur verið tekið í notkun svo og af þeim nýbyggingum sem samþykktar eru fyrir 1. október 1979, skal reikna heimæðargjald samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$H = 14\,679,00 + 16,01 \times V.$$

Hér táknar H heimæðargjald í krónum fyrir hverja heimæð og/eða hemlagrind og V rúmmál (utanmál) viðkomandi húsnæðis í rúmmetrum.

- b) Af nýju húsnæði og breytingum og endurbyggingu húsnæðis sem felur í sér stækkun eða breytta notkun, sem samþykkt er eftir 1. október 1979, skal reikna heimæðargjald samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$H = 22\,041,00 + 23,92 \times V.$$

Hér táknar H heimæðargjald í krónum fyrir hverja heimæð og/eða hemlagrind og V rúmmál (utanmál) viðkomandi húsnæðis í rúmmetrum.

Gjaldskrárbreyting þessi sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1982 með tilvísun til auglýsingar nr. 437/1982 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 18. ágúst 1982.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja nr. 390 6. nóvember 1976, með síðari breytingum.

3. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrir afnot heita vatnsins skal húseigandi greiða samkvæmt magnhemli kr. 273,45 fyrir hvern mínútulítra á mánuði. Þar til hemill hefur verið settur upp eða ef hemill bílar áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Verði um sölu á heitu vatni að ræða í öðru formi en að framan greinir, skal verðið ákveðið hlutfallslega, skv. mæli kr. 13,68 pr. tonn.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveitan leigir vatnsmæla og hemla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli eða hemil skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði:

- |   |            |
|---|------------|
| a) fyrir mæla eða hemla allt að $\frac{3}{4}$ " ..... | kr. 49,65  |
| b) fyrir mæla eða hemla 1"—2" .....                   | kr. 99,55  |
| c) fyrir mæla eða hemla 3" og stærri .....            | kr. 198,70 |